

FUNDARBOÐ

**397. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í fundarsal á 3. hæð, 25. mars 2021 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2103005F - Bæjarráð - 625**
Fundargerð lögð fram.
- 2. 2103001F - Safna- og menningarmálanefnd - 113**
Fundargerð lögð fram.
- 3. 2103003F - Ungmennaráð - 17**
Fundargerð lögð fram.
- 4. 2103004F - Skóla- og fræðslunefnd - 182**
Fundargerð lögð fram.
- 5. 2103002F - Skipulags- og bygginganefnd - 249**
Fundargerð lögð fram.

Erindi til kynningar

- 6. 2103008 - Samgöngur á Snæfellsnesi - samráðsfundur um stöðu samgöngumála**
Lagt fram erindi bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar um samgöngur á Snæfellsnesi sem flutt var á samráðsfundi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um stöðu samgöngumála á Vesturlandi sem haldinn var 3. mars 2021.

Í erindi bæjarstjóra kemur fram að forgangsverkefni Snæfellinga í vegamálum snýr aðallega að uppbyggingu og endurbótum á Snæfellnesvegi nr. 54, þ.m.t. Skógarstrandarvegi, og áframhaldandi uppbyggingu hafna á Snæfellsnesi. Þá er jafnframt lögð fram erindi Lilju Bjargar Ágústsdóttur, formanns SSV og forseta sveitarstjórnar í Borgarbyggð, og Sigríðar Huldar Skúladóttur, sveitarstjórnarfulltrúa í Dalabyggð.
- 7. 2008023 - Eigendafundur Sorpurðunar Vesturlands**
Lögð fram fundargerð eigendavettvangs Sorpurðunar Vesturlands frá 22. febrúar sl.
- 8. 2103004 - Aðgerðaáætlun fyrir Vesturland fyrir sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs**
Lögð fram lokaúttak skýrslu um aðgerðaáætlun fyrir Vesturland.
- 9. 1909042 - Fundargerðir stýrihóps um hönnun og framkvæmdir á HVE Stykkishólmi (Hjúkrunarrými Heilbrigðisstofnunar Vesturlands)**

Lögð fram fundargerð 16. fundar stýrihóps um Hjúkrunarrými Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, HVE, í Stykkishólmi, sem fram fór 11. mars sl., vegna uppbyggingar og um leið breytingu á hluta húsnæðis sjúkrahúsins í Stykkishólmi fyrir hjúkrunarheimili, ásamt drögum að tíma- og verkáætlun.

10. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar

Lagðar fram fundargerðir 186. og 187. fundar Breiðafjarðarnefndar.

11. 2101043 - Fundargerðir stjórnar FSS

Lagðar fram fundargerðir 113. og 114. fundar stjórnar FSS

12. 2006015 - Ægisgata 1 - Framlagt erindi og svarbréf bæjarstjóra

Lagt fram bréf Lagavörðunnar sem sent var f.h. lóðahafa Austurgötu 12 og Ægisgötu 3, dags. 17. febrúar 2021, sem er svarbréf við bréfi byggingarfulltrúa, dags. 5. febrúar 2020, vegna framkvæmda við lóð nr. 1 við Ægisgötu í Stykkishólmi. Þá er jafnframt lagt fram erindi sama aðila, dags. 26. febrúar 2021, þar sem gerðar eru athugasemdir við framkvæmdir á lóð nr. 1 við Ægisgötu í Stykkishólmi, ásamt svarbréfi bæjarstjóra.

Bæjarráð tók undir svarbréf bæjarstjóra á síðasta fundi sínum og áréttar að ráðið beri fullt traust til byggingarfulltrúa og hans starfa.

13. 2103010 - Fundur almannavarnarnefndar - Fundargerð

Lagðir fram minnispointar af fundi almannavarnarnefndar, dags. 2. mars 2021.

14. 2102011 - Bókun skólastjórnenda á Snæfellsnesi

Lögð fram bókun skólastjórnenda á Snæfellsnesi varðandi þjónustu Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, en bæjarráð Stykkishólmsbæjar óskaði á 624. fundi sínum eftir upplýsingum og skýringum frá forstöðumanni félags- og skólaþjónustu Snæfellinga vegna bókunarinnar. Lagt fram minnisblaði frá forstöðumanni félags- og skólaþjónustu Snæfellinga vegna bókunarinnar, ásamt bókun 182. fundar skóla- og fræðslunefndar um málið.

15. 2103005 - Fundargerð 191. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Lögð fram opinber útgáfa 191. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga.

16. 1905057 - Sögu og menningararfur í Stykkishólmsbæ - Búðanes og Hjallatangi

Lögð fram kynning ráðherra frá fundi þar sem tilkynnt var um nýja styrki úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða.

Á fundinum var tilkynnt um að styrkur hafi verið veittur til heildarhönnunar svæðisins við Búðanes og Hjallatanga í Stykkishólmi á árunum 2021-2023 með það að markmiði að útbúin verði söguleið um svæðið þar sem saga Stykkishólms hófst.

Verkefnið er samstarfsverkefni Stykkishólmsbæjar og Minjastofnunar Íslands, enda er svæðið er ríkt af menningarminjum auk þess sem þar er mikil náttúrufegurð. Í Búðanesi hófst verslunarsaga Stykkishólms og eru þar minjar tengdar verslun á svæðinu, þar á meðal friðlýstar búðatóftir.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

17. 2102045 - Umsögn um frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur)

Lögð fram umsögn ungmennaráðs um frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög

(kosningaaldur), 188. mál.

Bæjarráð samþykkti að umsögn ungmennaráðs verði send Alþingi sem umsögn Stykkishólmsbæjar.

Lagt er fyrir bæjarstjórn að staðfesta afgreiðslu bæjarráðs.

18. 2103007 - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna með síðari breytingum

Lögð fram umsögn ungmennaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna með síðari breytingum (kosningaaldur), 272. mál.

Bæjarráð samþykkti að umsögn ungmennaráðs verði send Alþingi sem umsögn Stykkishólmsbæjar.

Lagt er fyrir bæjarstjórn að staðfesta afgreiðslu bæjarráðs.

19. 2011013 - Breiðafjarðarferjan Baldur

Lögð fram ályktun Stykkishólmsbæjar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, dags. 12. mars 2021.

Stykkishólmur hefur ítrekað bent á að styrkja þurfi ferjusiglingar um Breiðafjörð með stærri og nýrri ferju til að anna aukinni þörf samfélagsins og jafnframt gert athugasemdir við að í ferjunni sé einungis ein aðalvélar með því óöryggi sem því fylgir. Bilun í Baldri nýverið er enn ein áminningin um óboðlega stöðu sem við sem samfélag viljum ekki búa við og íbúar svæðisins sætta sig ekki við. Við þessa stöðu verður ekki unað og krefst Stykkishólmur úrbóta strax.

Stykkishólmur gerir þá kröfu til samgönguyfirvalda, sem ábyrgð bera á öruggi samgangna, að málið verði tekið föstum tókum strax og öryggi þessarar þjóðleiðar um Breiðafjörð verði tryggt.

Bæjarráð samþykkti samhljóða og vísaði til bæjarstjórnar.

20. 2004031 - Heildarskipulag áningastaðar og útsýnissvæðis á Súgandisey

Lagt fram minnisblað bæjarstjóra vegna styrkveitingar Stykkishólmsbæjar að fjárhæð kr. 24.950.000 ásamt tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamanna að styrkþegum og rökstuðningi fyrir úthlutun. Einnig er lögð fram kynning ráðherra frá fundir þar sem styrkveitingar voru tilkynntar.

Styrkur Stykkishólmsbæjar er veittur til deiliskipulagsgerðar fyrir Súgandisey sem mun tryggja heilstæða sýn á þróun eyjunnar. Samhliða skipulagsáætlun mun vera unnið að útsýnissvæði í samræmi við vinningstillögu úr samkeppni, sem haldin var í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA), og ber heitið Fjöregg, en Fjöreggið er útsýnisskúlptúr, útsýnispallur, upplifunar- og áningastaður allt í senn. Jafnframt er lagt fram minnisblað ráðgjafa vegna skipulags á Súgandisey.

Bæjarstjóri leggur til við bæjarstjórn að fela bæjarstjóra að setja af stað vinnu við gerð deiliskipulags fyrir Súgandisey í samræmi við fyrirliggjandi minnisblað frá fundi bæjarstjóra með ráðgjöfum og veittan styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, ásamt því að hefja undirbúning að útsýnissvæði í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

21. 2103006 - Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á

uppbyggingu Skógarstrandarvegur

Umhverfis- og samgöngunefnd sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, 259. mál.

Bæjarráð fól bærarstjóra, á 625. fundi sínum, að senda inn umsögn fyrir hönd bæjarsins.

22. 2010006 - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi - Nesvegur 12

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Stykkishólms, sem unnin er af Plan teiknistofu fyrir Hafþór Inga Þorgrímsson, en fyrirbyggjandi tillaga tekur mið af athugasemdum skipulagsfulltrúa, sbr. bókun 249. fundar skipulags- og byggingarnefndar og 625. fundar bæjarráðs.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti á 249. fundi sínum að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi fyrir eigendum húsa við Neskinn 1, 3a, 3b, 5, 7 og fyrir Nesvegi 14, 17a og 17b, þegar að fullnægjandi gögn hafa borist til skipulagsfulltrúa.

Bæjarráð staðfesti ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar á 625. fundi sínum og vísaði málinu til bærarstjórnar.

23. 2008011 - Lóðablöð - Hjallatangi 1, 1a og 1b

Lagðar eru fram að nýju tillögur að lóðablöðum fyrir Hjallatanga 1, 1a og 1b. Skipulags- og byggingarnefnd tók á 248. fundi sínum jákvætt í fyrirbyggjandi lóðarblöð.

Bæjarráð samþykkti vísa erindinu til afgreiðslu á næsta bærarstjórnarfundi.

24. 2103009 - Sæmundarreitur 5 - Lóðarleigusamningur

Lögð fram drög að nýjum lóðarleigusamningi við eigendur Sæmundarreits 5, ásamt lóðarblaði samkvæmt núgildandi deiliskipulagi.

Bæjarráð lagði til við bærarstjórn að samþykkja lóðarleigusamning við eigendur Sæmundarreits 5 og fól bærarstjóra að undirrita hann.

25. 2103021 - Mögulegar viðræður um sameiningu - Dalabyggð

Lagt fram bréf frá Dalabyggð vegna fundar til að ræða mögulegar viðræður um sameiningu.

Bæjarráð tók jákvætt í erindi Dalabyggðar, þar sem óskað er eftir afstöðu bærarstjórnar Stykkishólmsbæjar til þess að halda fund með sveitarstjórn Dalabyggðar og sveitarstjórn Helgafellssveitar, og fól bærarstjóra að koma á fundi milli sveitarfélaganna.

Afgreiðslu bæjarráðs vísað til staðfestingar í bærarstjórn.

26. 1811057 - Hundagerði í Stykkishólmi

Skipulagsfulltrúi lagði fram tillögu að staðsetningu á hundagerði í samráði við bærarstjóra, sbr. bókun í fundargerð bæjarráðs nr. 624. Á 249. fundi sínum tók skipulags- og byggingarnefnd jákvætt í að staðsetning á hundagerði verði í Stellulundi sem staðsettur er við aðkomuna að Arnarborgum.

Á 625. fundi sínum samþykkti bæjarráð að sett verði upp hundagerði í Stellulunds,

sem er svæði sem staðsett er við aðkomuna að Arnarborgum, og fól forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar að undirbúa framkvæmdina.

Afgreiðslu bæjarráðs er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

27. 2103017 - Hamraendi 12

Skipavík er með lóðina Hamraendi 12 og hefur hug á að byggja þar iðnaðarbil/geymslur. Jarðvinnan er mjög mikil þarna samkvæmt prufuholum sem hafa verið gerðar. Í hönnunarferlinu hefur orðið til bygging á tveimur hæðum þar sem keyrt er að henni beggja vegna. Óskað er eftir álit Stykkishólmsbæjar áður en haldið er áfram með hönnun og aðaluppdrætti. Skipulags- og byggingarnefnd tók jákvætt í fyrirspurnina á síðasta fundi sínum.

Bæjaráð gerði ekki athugasemdir við erindið á 625. fundi sínum. Bæjarráð fól bæjarstjóra að láta kostnaðarmeta gatnagerð á svæðinu og ræða við lóðarhafa um framkvæmdir á svæðinu.

Lagt er fyrir bæjarstjórn að staðfesta afgreiðslu bæjarráðs.

28. 2103013 - Silfurgata 24A - Viðbyggingu til norðausturs - Grenndarkynning

Sótt er um leyfi fyrir stækkun íbúðarhúss á Silfurgötu 24A, sem byggt er árið 1921 skv. skráningu Þjóðskrár Íslands. Um er að ræða viðbyggingu til norðausturs, burðarvirki þaks og útveggja verður timbur. Stærð viðbygginar er 3,2 m x 3,5 m eða 11,2 m² að grunnfleti.

Með erindinu eru aðaluppdrættir unnir af Rerum / Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 07.03.2021 þar sem m.a. eru gerðar reyndarteikningar af núverandi húsi og geymsluskúr á lóð.

Fyrir liggur jákvæð umsögn Minjastofnunnar fyrir breytingunum. Byggingarfulltrúi vísaði erindi til skipulags- og byggingarnefndar.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti á 249. fundi sínum að grenndarkynna erindi samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigenda Silfurgötu 22.

Bæjarráð samþykkti að grenndarkynna erindið samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigenda Silfurgötu 22.

Lagt er fyrir bæjarstjórn að staðfesta afgreiðslu bæjarráðs.

29. 2102029 - Sæmundarreitur 8 - Stækkun viðbyggingar

Lögð er fram umsókn um stækkun viðbyggingar á áður samþykku erindi frá því í júní 2018. Húsið er byggt árið 1900 og var áður staðsett á Laugavegi 27-b í Reykjavík og verður flutt á lóðina Sæmundarreit nr. 8 í Stykkishólmi, en lóðin hét áður Sæmundarreitur nr. 5 skv. eldra deiliskipulagi. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir unnir af Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 03.06.2018 en búið er að uppfæra uppdrætti miðað við breytt númer lóðar og fleira.

Fyrir liggur jákvæð umsögn Minjastofnunnar á breytingunni. Byggingarfulltrúi vísaði erindinu til umsagnar í skipulags- og byggingarnefnd.

Skipulags- og byggingarnefnd tók jákvætt í erindið. Byggingin er í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Bæjarráð samþykkti stækkun viðbyggingar þar sem hún er í samræmi við gildandi

deiliskipulag og leggur fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

30. 2103028 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lögð fram beiðni Stykkishólmsbæjar um 195 milljón kr. lán fyrir Stykkishólmsbæ á árinu 2021, í samræmi við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar, og samþykki Lánasjóðs sveitarfélaga á beiðninni.

Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti umrædda lántöku á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga og vísar afgreiðslu til bæjarstjórnar þar sem lögð verða fram gögn vegna málsins.

Í samræmi við afgreiðslu bæjarráðs eru lagður fyrir bæjarstjórn lánssamningur milli Lánasjóðs sveitarfélaga, sem lánveitanda, og Stykkishólmsbæjar, sem lántaka, að fjárhæð kr. 100.000.000 til 15 ára, ásamt tillögu að bókun.

31. 1904006 - Kjör í Þjóðhátíðarnefnd 2021

Lögð fram tillaga að kjöri í Þjóðhátíðarnefnd 2021.

32. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Framlagðir minnispunktar bæjarstjóra.

23.03.2021

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.